



Reykjavík, 18. september 2024
Tilv. 2408-12

Áform um lagasetningu: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003 (sameining samkeppnissjóða).

Í lok árs 2022 kom út á vegum ReykjavíkurAkademíunnar skýrslan [Opinber fjármögnun rannsókna fræðafólks sem starfar sjálfstætt. Tillögur til úrbóta.](#) Þar var bent á hversu lokað og óaðgengilegt núverandi styrkjakerfi er fræðafólk sem stunda rannsóknir og fræðamiðlun utan háskólanna. Annars vegar vegna þess að Rannsóknasjóður hefur lagt vaxandi áherslu á að fjármagna doktorsnám og rannsóknahópa sem lúta slíkum skilyrðum að erfitt er fyrir fræðafólk sem starfar sjálfstætt að uppfylla þau. Hins vegar vegna vanfjármögnum Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna sem þrátt fyrir mikla annmarka telst *meginstoð rannsókna fræðasamfélagsins utan háskólanna*.

Til þess að hefja umræðuna um nauðsynlega breytingu og aðgengi fræðafólks sem starfar sjálfstætt að opinberu fjármagni til rannsókna var í skýrslunni lagt til að Starfslaunasjóðurinn verði stækkaður í 550 miljónir, að heiti sjóðsins verði breytt í Rannsóknasjóð sjálfstætt starfandi fræðafólks og að sjóðnum verði sett lög sambærileg lögum um Rannsóknasjóð. Markmið með þessari tillögu var að jafna aðgengi fræðafólks sem starfar sjálfstætt og þess sem gegnir akademískum stöðum, að opinberum styrkjum til rannsókna. Einnig að efla grunnrannsóknir og auka fjölbreytni rannsókna, að tryggja nýliðun og sérfræðiþekkingu íslensks fræðasamfélags og að skila samféluginu niðurstöðum rannsóknanna á íslensku. Hlutverk sjóðsins og mikilvægi fyrir íslenskt fræðasamfélag er því umtalsvert eins og sjá má á eftirfarandi lista:

- **Jafnar samkeppnisstöðu** fræðafólks hvað varðar aðgang að opinberu fjármagni óháð því hvort það gegnir stöðu við háskóla eða starfi sjálfstætt að rannsóknum og fræðamiðlun.
- betri **nýting menntunar** á sviði hug- og félagsvísinda.
- **eykur samkeppnishæfni** einstaklinga á vinnumarkaði og auðveldar þeim að nýta menntun sína og hugvit.
- **styður ungt fræðafólk** í upphafi akademísks ferils þess og **tryggir nýliðun** akademísks starfsfólks háskólanna.
- gerir fræðafólk kleift að **velja sér viðfangsefni** byggt á áhuga þess og þekkingu
- **fangar upp þekkingu** sem ekki fær hljómgrunn innan núverandi sjóðakerfis.
- fjölgar rannsóknum á breiðara sviði og **eykur þannig sveiganleika og fjölbreytni** háskóla- og rannsóknasamfélagsins.
- **skapar brú** milli háskólanáms og atvinnulífs.
- **auðveldar** nýdoktorum frá erlendum háskólum að fóta sig í íslensku rannsóknaumhverfi.

- bætir aðgengi samfélagsins að **nýrri þekkingu ritaðri á íslensku** sem efla og auðga íslenskt samfélag.
- styður þá sem lokið hafa háskólagráðu til þess að miðla **rannsóknum sínum** til samfélagsins.
- **bætir aðgengi að rannsóknum** nýdoktora frá erlendum háskólum.
- auðveldar frumkvöðlum að **nálgast nýjar hugmyndir** og hasla sér völl á atvinnumarkaði í krafti hugvits.
- **skilar samfélaginu þekkingu** sem styður við uppbyggingu nýsköpunarhugsunar og fyrirtækja á sviði fræða.
- styður við fræðafólk **sem í lok starfsævinnar** vill miðla þekkingu sinn til samfélagsins.
- auðveldar fræðafólk sem starfar sjálfstætt að koma á **samstarfi við erlenda háskóla** og þar með **aukna sókn** í evrópska sjóði.
- auðveldar menntuðu fólk **að starfa óháð staðsetningu** og styður þar með við **æskilega byggðaþróun**.
- **bætir nýtingu fjármagns** með hlutfallslegrar lækkunar kostnaðar við utanumhald og veitingu styrkja.

Komi til þess að áform um lagasetningu nái fram að ganga og Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimann lagður niður þá er mikilvægt i samhliða verði tryggt að núverandi meginmarkmið með sameiningu sjóðanna verði víkkað út frá því sem nú er. Huga þarf að samfélagslegu mikilvægi rannsókna og þekkingarmiðlunar og tryggja að opinberir sjóðir styrki áhugadrifnar rannsóknir og þekkingarmiðlun, innan og utan háskólanna, sem beinist að íslensku samfélagi og almenningi og leggja þar með grunn að fjölbreyttri og frjórri samfélagsumræðu og öflugum stofnunum og fyrirtækjum á sviði mennta og menningar.

Því leggur ReykjavíkurAkademían til að meginmarkmið með sameiningu sjóðanna verði: að á Íslandi verði byggt upp „*alþjóðlega samkeppnishæft umhverfi rannsókna og nýsköpunar þar sem áhersla er lögð á gæði, samfélagsleg áhrif, alþjóðlegt samstarf og árangur, sem og skilvirkni og gagnsæi í opinberu stuðningskerfi.*“

Þá minnir ReykjavíkurAkademían að innan hug- og félagsvíðinda, rétt eins og allra annarra fræðasviða á sér stað nýsköpun. Sérstaða nýsköpunar á sviði hug- og félagsvíðinda er gjarnan sú að hún beinist að því að skora viðtekin viðhorf á holm. Því er gjarnan talað um samfélagslega nýsköpun til aðgreiningar frá nýsköpun sem beinist að þróun nýrrar tæknilausna. Slíka nýsköpun þarf að hampa og tryggja að á því sviði sé einnig verið að styrkja „bestu hugmyndina alla leið að sjálfstæði“

Með góðum kveðjum úr ReykjavíkurAkademíunni,



Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri